

## **Tillaga til 463. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 15. október 2020**

Tillaga frá 1124. fundi bæjarráðs, sem fram fór 5. október sl., um að bæjarstjórn samþykki niðurfellingu gatnagerðargjalda vegna byggingar nemendagarða við Lýðskólann á Flateyri og vinnuframlag byggingafulltrúa Ísafjarðarbæjar í byggingarnefnd.

### **8. Bygging nýrra nemendagarða Lýðskólans - 2020090040**

Lagt fram minnisblað Birgis Gunnarssonar, bæjarstjóra, dags. 1. október 2020, vegna byggingar nemendagarða við Lýðskólann á Flateyri, en lagt er til að aðkoma bæjarins verði í formi niðurfellingar gatnagerðargjalda og í formi vinnuframlags í byggingarnefnd nemendagarðanna.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja niðurfellingu gatnagerðargjalda vegna byggingar nemendagarða við Lýðskólann á Flateyri og vinnuframlag byggingafulltrúa Ísafjarðarbæjar í byggingarnefnd.*